

Tilmæli 35/2021

Fyrri skjalsnúmer	B 314/præsídiet
Afgreiðsla	Forsætisnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um ráðherranefndartillögu B 314/præsídiet: Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2022 (B314/præsídiet)

Ráðherranefndartillaga B 314/præsídiet: Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2022

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2021 eftirfarandi tilmæli að tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að MR-SAM veiti 6,5 m.da.kr. í markvissar aðgerðir á sviði menningarmála – m.a. fyrir tilstilli samnorrænna styrkjakerfa til menningarmála og samnorrænna menningarstofnana – sem eiga að stuðla að samþættingu Norðurlanda. Þetta er gert í kjölfar heimsfaraldurs þar sem lokuð landamæri og takmarkanir í löndunum hafa skapað sérlega þörf á að bæta aðgang að og þekkingu á menningu, listum og tungumálum norrænu grannríkjanna. Menningarsvið sér um framkvæmd aðgerðanna. MR-SAM skiptir fjárveitingum í samræmi við áherslur framtíðarsýnarinnar á grundvelli tillagna frá MR-K að loknum viðræðum menningarsviðs og Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

að MR-SAM veiti 4,45 m.da.kr. til verkefna á vegum MR-U. Verkefnin geta til dæmis verið á sviði norræns rannsóknarsamstarfs. MR-SAM skiptir fjárveitingum í samræmi við áherslur framtíðarsýnarinnar á grundvelli tillagna frá MR-U að loknum viðræðum mennta- og rannsóknarsviðs og Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

að MR-SAM veiti 250.000 da.kr. til Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar í starfsemi, sem þróar vandaða blaðamennsku á Norðurlöndum, og sem á þann hátt vinnur gegn falsfréttum og vísitandi dreifingu rangra upplýsinga.

að MR-SAM – auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun – veiti 750.000 da.kr. til Norræna menningarsjóðsins í verkefni, sem eiga að milda höggið af völdum COVID-19 á sviði menningarmála.

að MR-SAM – auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun – veiti 50.000 da.kr. til Orkester Norden.



að MR-SAM veiti 250.000 da.kr. til Norrænu bókmenntavikunnar.

að MR-SAM – auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun – veiti 350.000 da.kr. til menningastyrkjaáætlunarinnar, sem Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA) hefur til umráða.

að MR-SAM – auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun – veiti 500.000 da.kr. til að efla „Norrænt tungumálasamstarf“ á vegum menntasviðs.

að MR-SAM – auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun – veiti 200.000 da.kr. til fjármögnunar kennslugáttarinnar „Norðurlönd í skólanum“ undir liðnum starfsstyrkur til Sambands norrænu félaganna. Þar með varðar eyrnamerkingin til „Norðurlanda í skólanum“ alls einni m.da.kr. af starfsstyrknum.

að MR-SAM veiti 500.000 da.kr. til sérstakra hátíðarhalda í tilefni af degi Norðurlanda 2022 fyrir ungt fólk í skólum á Norðurlöndum.

að MR-SAM – auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun – veiti 500.000 da.kr. til að efla Nordjobb.

að MR-SAM veiti 800.000 da.kr. til fagsviðs umhverfis- og loftslagsmála í því skyni að undirbúa og jafnvel koma á fót norrænum sjóði æskunnar um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni. Við undirbúning málsins skulu fara fram viðræður hlutaðeigandi aðila, þar á meðal Norrænu sjálfbærnefndarinnar.

Kaupmannahöfn, 10. nóvember 2021

Bertel Haarder

forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs